


Umhverfisstofnun
Áb. SF
10 MARS 2003
Tilv. UST20030200084



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

7. mars 2003

Tilvísun: UST20030200084/sf

Matsskylda. Aðaldalsvegur, Helgastaðir - Lindahlíð.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun dags. 5. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um viðbótargögn varðandi ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun gaf umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar með bréfi dags. 25. febrúar sl. Að mati stofnunarinnar vantaði ítarlegri upplýsingar um fugla og búsvæði þeirra til að hægt væri að meta með fullnægjandi hætti hvort líkur væri á að framkvæmdin hefði í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í viðbótargönum frá Vegagerðinni eru ítarlegri lýsingar á legu vegarins og færslu hans og upplýsingar um flórgoða frá Stefáni Þórissyni í Hólkoti. Á teikningu 1 sem fylgir fyrrgreindum gögnum eru ásamt veglínu, skeringum og fyllingum sýnd hreiðurstæði flórgoðans skv. upplýsingum frá Stefáni Þórissyni og einnig mörk vatnsborðs Vestmannsvatns og Hólkostjarnar sem liggja að vegi. Fram kemur að Vegagerðin er tilbúin til að fara út í aðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á flórgoða og búsvæði hans. Við þær munu vegfyllingar ná mest 3,3 m út í flóann við stöð 7080 og 3,6 m út í flóann við stöð 7500, sbr. teikning 2. Aðgerðirnar sem Vegagerðin er tilbúin til að fara út í eru eftirfarandi:

- Framkvæmdir munu verða í lágmarki á milli stöðva 7000 og 7400 á varptíma, frá 15. maí til 15. júní. Vegurinn verður notaður til efnisflutninga á þessum tíma en að öðru leyti verður honum ekki raskað.
- Vegflái verður gerður brattari þar sem fyllingar ná út í tjarnarstararflóa, verður 1:2 í stað 1:2,5 beggja vegna vegar á milli stöðva 6980-7600.

Umhverfisstofnun telur að með ofangreindri breytingu á hönnun vegarins og skilyrði um framkvæmdatíma verði dregið úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á flórgoða og búsvæði hans. Stofnunin bendir þó á að hreiður flórgoða geta verið á mismunandi stöðum í stararbreyðum á milli ára og því ekki um fasta varpstaði að ræða eins og lesa mætti af teikningum sem fylgdu gögnum Vegagerðarinnar. Einungis bendir stofnunin á að varptími flórgoða er frá lokum maí og fram í byrjun eða fyrri hluta júlí. Því er ekki líklegt að ungar verði komnir upp um miðjan júní. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að fylgst verði með varpi flórgoða og komi í ljós að flórgoði hafi gert sér hreiður í fyrirhuguðu vegstæði

verði gerðar ráðstafanir til að færa það úr vegstæðinu.

Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar að með breytingum á hönnun vegarins í samræmi við upplýsingar í viðbótargögnum frá Vegagerðinni og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 þarf leyfi stofnunarinnar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúrumínjum.

Virðingarfyllst,



Sigurður Friðriksdóttir



Helgi Jónasson

Afrit: Vegagerðin Akureyri.
Eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar í Þingeyjarsýslum.